

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar

Ársskýrsla

2013

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stjórn	2
Starfsmannahald	2
Fjármögnun	3
Húsnæðismál	3
Markhópur.....	3
Hlutverk og markmið.....	3
Hugmyndafræði.....	4
Endurhæfingin	4
Starfsemi ársins	4
Endurhæfingarleiðir	5
Fræðsla og námskeið.....	6
Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta	6
Starfsprófun / starfsþjálfun	7
Þróunarverkefni.....	7
Samstarf.....	7
Þátttakendur og tilvísanir	8
Árangur	9
Lokaorð	9

Inngangur

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er sjálfseignarstofnun sem ætlað er að sinna starfsendurhæfingu. Stofnaðilar voru Hafnarfjarðarbær, Sjúkrþjálfarinn ehf, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar og Verkalýðsfélagið Hlíf. Ársskýrsla Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar 2013 er samantekt á starfsemi félagsins milli aðalfunda, 27.maí 2013 til 14.apríl 2014. Rekstarreikningurinn er fyrir almanaksárið 2013.

Stjórn

Aðalfundur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar var haldinn 27.maí 2013.

Kjörtímabili tveggja stjórnarmanna, þeirra Geis Jónssonar og Karls Rúnars Þórssonar var lokið. Gáfu þeir báðir kost á sér til endurkjörs. Sama máli gengdi um þrjá varamenn í stjórn, Harald Sæmundsson, Lindu Baldursdóttur og Sigurlaugu Önnu Jóhannsdóttur sem luku sínu kjörtímabili. Þau gáfu öll kost á sér áfram.

Ekki bárust mótframboð og stjórn og varastjórn var því sjálfkjörin.

Stjórn er þannig skipuð að aðalmenn eru: Geir Jónsson og Karl Rúnar Þórsson sem kjörnir voru 2013 til setu 2015 og Birna Ólafsdóttir, Gunnar Viktorsson og Kolbeinn Gunnarsson kjörin á aðalfundi 2012 til setu til 2014. Varamenn eru: Haraldur Sæmundsson, Linda Baldursdóttir og Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir sem kjörnir voru 2013 til setu til 2015 og Elías Már Sigurbjörnsson og Gunnar Axel Axelsson sem kjörnir voru 2012 til setu til 2014.

Félagslegir endurskoðendur hafa verið frá upphafi Gunnhildur J. Halldórsdóttir og Ólafur Pétursson. Ólafur gaf kost á sér áfram og var endurkjörinn en í stað Gunnhildar sem ekki var kjörgeng var kjörinn Ingvar Reynisson.

Kolbeinn Gunnarsson hélt áfram formennsku.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 7 stjórnarfundir.

Starfsmannahald

Á árinu störfuðu eftirtaldir starfsmenn hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar:

- Anna Guðný Eiríksdóttir, sjúkrþjálfari og menntunarfræðingur í 100% starfi. Hún gegnir stöðu framkvæmdastjóra og sinnir jafnframt ráðgjöf við þátttakendur.
- Auður Sigurgeirsdóttir móttökuritari í 50% starfi.
- Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir, iðjuþjálfari í 20 % starfi ráðgjafa.
- Kolbrún Björk Ragnarsdóttir, iðjuþjálfari, handleiðari og fjölskylduráðgjafi 50% starfi til 15.október og 70% starfi eftir það.
- Jón Ingi Hákonarson, leikari, leikstjóri og viðskiptafræðingur í 100 % starfi ráðgjafa
- Sveindís Jóhannsdóttir, félagsráðgjafi og fjölskylduráðgjafi í 80% starfi.

Auk þess að sinna ráðgjöf við þátttakendur og vera tengiliðir þeirra við fagaðila í öðrum þjónustukerfun kenna starfsmenn á námskeiðum og veita sérfræðiráðgjöf hver á sínu sviði. Meiri hluti fræðslu / kennslu þátttakenda er í höndum starfsmanna StH.

Fjármögnun

Starfsemi Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar á árinu 2013 var fjármögnuð af sölu þjónustu eins og fyrr auk þess sem hluti styrks frá Virk starfsendurhæfingarsjóði vegna þróunarverkefnis var greiddur á árinu.

Kaupendur þjónustu á árinu 2013 voru ríkissjóður, Virk starfsendurhæfingarsjóður og Vinnumálastofnun. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar er nýr kaupandi þjónustu frá og með janúar 2014, sjá síðar.

Þjónustusamningur við ríkið gildi til áramóta 2012/2013 og hefur nú runnið sitt skeið. Á árinu 2013 greiddi ríkissjóður þó fyrir þjónustu við þátttakendur sem hafið höfðu þátttöku á árinu 2012 og í ársbyrjun 2013 á grundvelli þjónustusamningsins. Frá og með áramótum 2013/2014 greiðir ríkissjóður ekki lengur fyrir þjónustu vegna starfsendurhæfingar, en lög um starfsendurhæfingarsjóði tóku gildi haustið 2012. Áhrifa þeirra gætir þó ekki að fullu fyrr en árið 2014.

Samkvæmt lögum nr. 2012 nr. 60 25. júní er starfsendurhæfingarsjóðum falið það hlutverk að fjármagna viðeigandi úrræði, aðgerðir og verkefni á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar fyrir einstaklinga sem eru með heilsubrest og hafa þörf fyrir atvinnutengda starfsendurhæfingu. Nýr samningur var undirritaður við Virk starfsendurhæfingarsjóð í nóvember 2013.

Vinnumálastofnun keypti þjónustu á árinu 2013 fyrir 7 einstaklinga sem voru að ljúka atvinnuleysisbótarétti sínum og voru ekki með skilgreindan heilsubrest.

Húsnæðismál

Starfsstöð Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er á helmingi 2. hæðar að Flatahrauni 3. Eigandi hússins og leigusali er Verkalýðsfélagið Hlíf. Í húsinu er einnig hluti hönnunardeildar Iðnskólans í Hafnarfirði og Hraunsel, félagsmiðstöð aldraðra og öryrkja. Húsnæðið hentar starfsemi að mestu leyti mjög vel.

Markhópur

Þátttaka í starfsendurhæfingu hentar þeim sem standa höllum fæti á vinnumarkaði, hafa misst vinnu eða þurft að hætta störfum t.d. vegna sjúkdóma, slysa eða erfiðra félagslegra aðstæðna og vilja komast til virkni á vinnumarkaði á ný. Þetta fólk er markhópur Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar samkvæmt skipulagsskrá.

Hlutverk og markmið

Hlutverk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er að sinna starfsendurhæfingu fólks sem stendur höllum fæti gagnvart vinnumarkaði og þarf aðstoð til þess að verða virkt þar á ný. Samkvæmt skipulagsskrá eru markmið starfsins:

- *Að þátttakendur komist í vinnu eða nám* til þess að styrkja stöðu sína gagnvart vinnumarkaði. Unnið er að því með þátttakendum að greina stöðu þeirra, hjálpa þeim að setja sér framtíðarmarkmið og finna leiðir að þeim.
- *Að lífsgæði þátttakenda og fjölskyldna þeirra aukist.* Skert vinnufærni getur leitt til vítahrings félagslegrar einangrunar, fjárhagsvanda og varanlegs heilsuleysis og jafnvel

kollvarpað daglegu lífi einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Þátttaka í starfsendurhæfingu getur verið leið til þess að rjúfa vítahringinn og auka lífsgæði.

- *Að endurhæfingin fari fram í heimabyggð.* Reynslan sýnir að það er þátttakendum afar mikilvægt að hafa aðgang að þjónustu í sinni heimabyggð. Minni tími fer í ferðalög, þeir losna við streituna sem fylgir umferðarþunga á álagstímum og síðast en ekki síst eru boðleiðir milli ýmissa þjónustustofnana tiltölulega greiðar og viðbragðstími stuttur.

Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar byggir á svonefndu "Húsavíkurmódeli". Þróun þess hófst á Húsavík skömmu eftir aldamót (2000) með samvinnu fagfólks félagsþjónustu, heilbrigðiskerfis og menntakerfis og leiddi til stofnunar BYRS starfsendurhæfingar sem síðar varð Starfsendurhæfing Norðurlands (SN). Tilurð Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar 2008 má rekja til þróunarverkefnis SN sem unnið var 2007-2009 og fólst í yfirfærslu hugmyndafræðinnar til Hafnarfjarðar, og aðlögun starfsaðferða að aðstæðum í Firðinum.

Meginstef hugmyndafræðinnar er að frá upphafi komi þátttakendur að sinni endurhæfingu með virkum hætti og að í endurhæfingunni sé unnið með þá þætti sem þeir telja hindra þátttöku sína á vinnumarkaði. Hver þátttakandi gerir áætlun með aðstoð ráðgjafa StHafn þar sem fram kemur eru hverjir áhersluþættir endurhæfingarinnar eru og í hverju hún felst. Lögð er áhersla á að hjálpa þátttakendum á að átta sig á og ná að nýta eigin styrkleika, auka virkni sína og frumkvæði til þess að taka ábyrgð á eigin velferð.

Nær allir þátttakendur tengjast ákveðnum hópi frá upphafi endurhæfingarinnar. Unnið er að heildstæðri úrlausn mála með hverjum þátttakanda eftir því sem kostur er. Lögð er áhersla á að nýta til þess þau úrræði sem þegar eru til staðar í nærsamfélaginu til þess að þátttakendur nái árangri í endurhæfingunni og geti gert þær breytingar á lífi sínu sem þeir stefna að.

Endurhæfingin

Endurhæfingin er heildstæð, beitt er fjölfaglegri teymisvinnu bæði innanhúss og í samvinnu við tilvísandi ráðgjafa Virk, fagfólk mismunandi þjónustukerfa og ýmsa aðra sem lagt geta hönd á plóg. Allir þátttakendur fá einstaklingsráðgjöf og stuðning. Starfsmenn Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar eru tengiliðir milli þátttakenda stöðvarinnar og þeirra fagmanna t.d. í heilbrigðis- og félagsþjónustu sem hafa með málefni þeirra að gera, og annarra sem veitt geta aðstoð og stuðning í endurhæfingunni. Hver þátttakandi hefur ákveðinn tengilið í hópi starfsmanna og áhersla er lögð á virkni þátttakenda og ábyrgð þeirra sjálfra á eigin velferð.

Meðal fagfólks og stofnana sem koma að starfinu má nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðinga, sjúkráþjálfara, menntastofnanir, kennara og námskeiðshaldara.

Starfsemi ársins

Með tilkomu starfsendurhæfingarsjóðs nýtur fleira fólk starfsendurhæfingar af einhverju tagi, og fleira fagfólk starfar á sviðinu við greiningu, ráðgjöf og meðferð. Aðgengi almenning að starfsendurhæfingu hefur batnað en leiðin inn á heildstæð úrræði eins og hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar og fleiri sem höfðu þjónustusamning er orðin lengri og utanumhald flóknara og

tímabrekkara vegna þess að fleiri koma að málefnum hvers einstaklings, þjónustubeiðnir gilda fyrir styttri tíma í einu og boðleiðir eru oft mun lengri.

Endurhæfingin sjálf er í eðli sínu óbreytt og hefur sama markmið, að aðstoða fólk við byggja sig upp og komast (aftur) til vinnu. Starfsemin er þó í sífelldri þróun og aðlöguð að þörfum þátttakenda hverju sinni eftir því sem kostur er. Helstu breytingar sem orðið hafa síðustu misserin eru þær að áhersla á nám hefur minnkað og samvinna við atvinnulífið vaxið.

Endurhæfingarleiðir

Einstaklingar eru misjafnlega lengi í endurhæfingu og geta hætt og hafið störf á vinnumarkaði hvenær sem þeir eru tilbúnir til og tækifæri bjóðast. Þátttakendur hafa ólíkar þarfir og til þess að koma sem best á mótis við þær mismundandi leiðir í endurhæfingunni. Áherslur í endurhæfingunni taka mið af þörfum þátttakenda hverju sinni og eru stöðugt í þróun. Helstu leiðir samkvæmt gildandi samningi við Virk eru:

I. Stuðningur á biðtíma

Er í boði fyrir verðandi þátttakendur sem bíða eftir að komast að í hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar. Unnið í samvinnu við tilvísunaraðila.

II. Grunnur: Er upphafsleið flestra þátttakenda

Megin áhersla í endurhæfingunni er á sjálfsefningu, markmiðasetningu, hópefli og hreyfingu. Lagt er mat á stöðu þátttakenda og áframhaldandi endurhæfingarleið valin í samvinnu við þá sjálfa og tilvísandi ráðgjafa.

II. Starfsleið a / heilsuefning:

Starfsleið a er undanfari starfsleiðar b fyrir þá sem stefna á vinnumarkað en þurfa að vinna að betri heilsu eða gera mikilvægar breytingar á daglegum venjum heilsu sinnar vegna áður en þeir geta farið á Starfsleið b.

III. Starfsleið b / starfsprófun – markviss undirbúningur fyrir atvinnuþátttöku með starfsprófun og / eða undirbúningi fyrir atvinnuleit:

Hentar þeim sem ekki er taldir þurfa að gera meiriháttar breytingu á lífsstíl eða daglegum venjum eða eru vel á veg komnir með það. Markviss fræðsla og undirbúningur til þess að komast á vinnumarkað þ.á.m.. starfsþjálfun / starfsprófun á vinnumarkaði tilheyrir þessari leið.

IV. Námsleið

Þátttakendur sem hafa formlegt nám sem aðalhluta sinnar endurhæfingar. Námið fer fram innan skólakerfisins en Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar veitir stuðning í formi viðtala, eða hópfunda/-handleiðslu.

V. Eftirfylgd

Eftirfylgd að endurhæfingu lokinni getur staðið til boða fyrir þátttakendur sem þess þurfa. Stuðningur og hvatning er veitt í markmiðavinnu fyrstu skrefin í starfi eða námi.

VI. Sérniðin þjónusta

Ef ofantaldar þjónustuleiðir henta ekki er mögulegt að sérsníða þjónustu fyrir einstakling í samráði við tilvísandi aðila og einstaklinginn sjálfan.

Fræðsla og námskeið

Fræðsla er að mestu leyti í höndum fastra starfsmanna Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Auk þeirra komu margir verktakar að starfinu, veittu sérfræðiráðgjöf og sáu um hluta fræðslu og kennslu þátttakenda. Meðal þeirra sem voru:

- Ása Ásgeirsdóttir, sérfræðingur í starfsendurhæfingu kenndi á vinnumarkaðstengdu námskeiði
- Ingibjörg Karlsdóttir, kenndi jóga
- Ingibjörg Kristjánsdóttir, næringarþerapisti fræddi um tengsl mataræðis og heilsu
- Katrín Garðarsdóttir, fjármálaráðgjafi og kennari kenndi fjármálanámskeið og sjálfsefningarnámskeið
- Kári Halldór Þórsson, leikari og leikstjóri með námskeið um tjáningu
- Kristbergur Pétursson, myndlistarmaður kenndi myndlist.
- Laufey Brá Jónsdóttir starfsmaður Atvinnumiðstöðvar Hfj. kenndi á vinnumarkaðstengdu námskeiði
- Sjöfn Ágústsdóttir, sálfræðingur kenndi HAM / sjálfsefningarnámskeið.
- Sveinbjörn Sigurðsson sjúkráðgjafi var þátttakendum til ráðgjafar varðandi líkamsrækt þátttakenda
- Sóley Birgisdóttir lýðheilsufræðingur sá um ráðgjöf um mataræði og þyngdarstjórn og kenndi á matreiðslunámskeiði.

Á árinu voru haldin ýmis námskeið þvert á leiðir þ.e. opin fyrir þá þátttakendur sem á þurftu að halda óháð þjónustuleið þeirra. Dæmi um slík námskeið má nefna tölvunámskeið fyrir byrjendur, uppeldisnámskeið, sjálfshjálparráðgjöf í samvinnu við Kvennaathvarfið og stýrt af sérfræðingi þaðan, HAM sjálfsefningarnámskeið, námskeið í slökun, námskeið um næringu og heilsu, jóganámskeið, matreiðslunámskeið og myndlistarnámskeið.

Fastir liðir eins og sumargleði og jólagleði voru á sínum stað og tókust vel. Við fengum margar heimsóknir á árinu af fagfólki sem starfar í félags- eða heilbrigðisþjónustu, sem vildu kynna sér starfseminu og skiptast á skoðunum um fagleg málefni.

Ráðgjöf og einstaklingsbundin þjónusta

Ráðgjöf ýmissa sérfræðinga utan og innan Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar getur verið hluti endurhæfingar þeirra þátttakenda sem á þurfa að halda. Samstarf um einstaklingsbundna ráðgjöf og ýmsa sérfræðiþjónustu er við ýmsa viðurkennda sérfræðinga. Dæmi um einstaklingsmiðaða þjónustu í endurhæfingunni :

- Aðstoð við atvinnuleit
- Fjármálaráðgjöf
- Fjölskylduráðgjöf
- Iðjuþjálfun
- Náms- og starfsráðgjöf
- Næringarráðgjöf
- Ráðgjöf um líkamsrækt
- Ráðgjöf og meðferð sjúkráðgjafara
- Sálfræðiviðtöl
- Vigtarráðgjöf

Starfsprófun / starfsþjálfun

Frá því snemma árs 2010 hafa þátttakendur frá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar margir farið í starfsþjálfun eða starfsprófanir á vinnumarkaði í lok sinnar endurhæfingar og er það orðinn lokahluti endurhæfingar flestra þátttakenda. Í starfsprófun fara þeir á vinnustað sem þeir hafa valið sjálfir með eða án aðstoðar starfsfólksins, mæta þar til starfa reglulega og láta reyna á vinnugetu sína og vinnuprek. Þetta hefur gefið góða raun og gengið vel í prýðilegu samstarfi við atvinnurekendur. Flestir hafa tekið vel í beiðni um samstarf, en þó hefur starfsfólk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar orðið þess áskynja að farið er að örla á þreytu meðal atvinnurekanda og lengri tíma hefur tekið að koma þátttakendum í starfsprófun. Svo virðist sem æ fleiri aðilar séu farnir að róa á þessi mið og misjafnt hvernig staðið er að málum.

Vert er að leggja áherslu á mikilvægi þess vanda til verka og vara við því að kastað sé til höndum við starfsprófanir eða reynsluráðningar. Til þess að auka líkur á því að vel takist til leggur Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar áherslu á að undirbúa þátttakendur vel greina styrkleiku þeirra og veikleika, aðstoða þá við að vinna á veikleikum og veita þeim tækifæri til þess að nýta styrkleikana. Stuðningur þarf að vera í boði bæði fyrir þátttakendur, vinnustaði og tengiliði þar og skýrar línur varðandi ut anumhald og framkvæmd. Sé undirbúningi ábótavant og stuðningi við ferlið áfátt er hætt við að illa fari og bæði þátttakendur og fyrirtæki gefist upp

Þróunarverkefni

Starfsemin er í stöðugri þróun og reynt af fremsta megni að mæta fjölþættum þörfum þátttakenda eins vel og kostur er með mismundandi námskeiðum og einstaklingsþjónustu.

Þróunarverkefni um starfsenduræfingu sem styrkt var af Virk starfsendurhæfingarsjóði lauk á árinu. Markmiðið var að þróa og byggja upp vinnutengt úrræði sem útskrifaði fólk til vinnu eða tilbúið til vinnu. Tilgangur úrræðisins var jafnframt að afla upplýsinga um vinnugetu og starfsþrek þátttakenda með prófunum og þjálfun í vinnutengdum aðstæðum, gera þá öruggari í sinni atvinnuleit og stuðla þannig að virkni þeirra á vinnumarkaði á ný.

Unnið var að því að bæta tengingar milli starfsendurhæfingar og vinnumarkaðar til þess að auka líkur á að þátttakendur í starfsendurhæfingu næðu því markmiði að verða virkir í vinnu og þróa samstarf við aðila sem sinna atvinnumiðlun.

Árangur var góður, 61% þátttakenda var kominn í atvinnuleit, starf eða nám í lok endurhæfingarinnar, 4 % voru í námi eða starfi en jafnframt á örorkubótum auk þess sem 15 % voru enn í starfsprófun þegar verkefninu lauk. Mikill meirihluti þátttakenda, 78%, taldi lífsgæði sín hafa batnað og enginn að þau hefðu versnað.

Nýtt tilraunaverkefni sem er samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar hófst í janúar 2014. Það snýst um að þjónusta fólk sem nýtur stuðnings Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, einkum ungt fólk, og búa það það undir þátttöku á vinnumarkaði eða atvinnutengda endurhæfingu sé hennar þörf. Starfsendurhæfing Hfj sér um skipulag og hýsir starfsemina en bæði starfsfólk St.Hafn og Fjölsk.þjónustu kemur að fræðslumálum. Verkefnið er kostað af Hafnarfjarðarbæ.

Samstarf

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hefur frá upphafi verið í góðu samstarfi við margar þjónustustofnanir og fyrirtæki á svæðinu s.s. heilsugæslustöðvarnar í bænum, Fjölskylduþjónustu Hfj. bæjar, Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar, Flensborgarskólann, Námsflokka Hafnarfjarðar,

Sjúkraþjálfarann ehf og marga atvinnurekendur. Samstarf við Virk og ráðgjafa Virk hjá stéttarfélögum hefur vaxið og gengið vel og er enn í mótun.

Gott samstarf er við aðrar starfsendurhæfingarstöðvar og voru tveir sameiginlegir fræðsludagar starfsfólks starfsendurhæfingarstöðva sem starfa eftir hugmyndafræði Húsavíkurmóðelsins haldnir á Selfossi haustið 2013. Þangað komu m.a. sérfræðingar frá TR með kynningu og fræðsluerindi og farið var í heimsókn á Heilsustofnun í Hveragerði.

Haustið 2013 var unnið samstarfsverkefni með Vinnumálastofnun sem fólst í endurhæfingu lítils hóps fólks sem var að ljúka atvinnuleysisbótarétti sínum. Verkefnið gekk vel, helmingur fólksins var kominn í starf eða lánshæft nám að lokinni 8 vikna endurhæfingu, einum var vísað í áframhaldandi endurhæfingu, en tveir héldu áfram í þjónustu hjá Vinnumálastofnun.


Þátttakendur lýstu betri líðan, auknum lífsgæðum og meiri trú á að fá vinnu í lok endurhæfingarinnar heldur en þegar hún hófst.

Spennandi verkefni eru deigluð í samstarfi Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, Vinnumálastofnunar og Virk þar sem gert er ráð fyrir að Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar hafi talsverðu hlutverki að gegna.

Þátttakendur og tilvísanir

Þrír nýir hópar hófu þátttöku á árinu. Í ágúst 2013 fengu 24 inngöngu en 2 þeirra hófu ekki þátttöku eða hættu á fyrstu tveimur vikum. Í október hófu þátttöku 7 manns sem vísað var frá Vinnumálastofnun, 1 hætti og í janúar 2014 fékk 21 inngöngu, 2 þeirra hófu ekki þátttöku. Hlutfall þátttakenda sem búsettir eru utan Hafnarfjarðar hefur vaxið. Af nýjum þátttakendum voru 56% búsettir í Hafnarfirði, 13% annars staðar í „Kraganum“, 29% í Reykjavík, og 2% voru utan að landi.

Kynjaskipting hefur löngum verið ójöfn meðal þátttakenda. Konur voru 69% þeirra sem vísað var í endurhæfingu á árinu.




Mynd 3. Skipting nýrra þátttakenda eftir kyni

Vinnumálastofnun vísaði 7 þátttakendum í endurhæfingu, einn fluttist frá Birtu endurhæfingu á Selfossi allir aðrir nýir þátttakendur komu frá ráðgjöfum Virk starfsendurhæfingarsjóðs hjá stéttarfélögum.

Árangur

Á árinu luku 42 þátttakendur endurhæfingu. Yfirlit yfir stöðu þeirra við útskrift má sjá á meðfylgjandi mynd.



Mynd 3. Staða þátttakenda við lok endurhæfingar

Alls voru 67 % þátttakenda komnir í vinnu, nám eða atvinnuleit í lok endurhæfingar sinnar. Hluti þeirra sem voru í námi voru á endurhæfingarlífeyri aðrir á námslánnum. Vert er að taka fram að sumir þeirra sem komnir voru í atvinnuleit hafa skerta starfsgetu og óvíst hvort þeim tekst að fá vinnu sem hæfir þeirra færni vegna þess ástands sem enn ríkir á vinnumarkaði.

Bótakerfi almannatrygginga hefur áhrif á útkomu og árangur starfsendurhæfingar. Það virkar hvetjandi á þann hátt að gefa í vissum tilfellum kost á vinnusamningum við atvinnurekendur með aðkomu Tryggingastofnunar sem greiðir hluta kostnaðar vegna launa og tengdra gjalda. Kerfið virkar hins vegar letjandi vegna sérstakra greiðslna vegna barna einstæðra foreldra, greiðslna sem einungis þeir sem eru á bótum fá, en ekki fólk á lágum launum á vinnumarkaði. Þetta veldur misvægi og virkar letjandi fyrir atvinnuþátttöku þessa hóps þar sem enginn fjárhagslegur ávinningur er af atvinnuþátttöku heldur beint fjárhagslegt tap sem getur numið verulegum upphæðum.

Lokaorð

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar er nú að ljúka sínu 6. starfsári. Á þeim tíma hefur orðið mikil breyting á málefnum starfsendurhæfingar á Íslandi. Veigamesta breytingin fyrir Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar snýr að fjármögnun og aðgengi.

Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar hefur gengið bærilega að aðlaga starfsemi sína breyttu landslagi. Samstarf við tilvísendur sem eru rágjafar Virk hjá stéttarfélögum gengur vel og góð samvinna hefur tekist við atvinnurekendur um að gefa fólki tækifæri til þess að reyna sig á vinnumarkaði í ólaunuðum starfsprófunum í lok endurhæfingar.

Stór hluti þátttakenda er tilbúinn í atvinnuleit í lok endurhæfingar og nú ríður á að störfum fjölgi á vinnumarkaði, sveigjanleiki aukist og gert sé ráð fyrir fólki sem ekki hefur fulla starfsgetu hvort sem skerðingin er tímabundin eða varanleg.